

Föstudaginn 26. október 1962.

Nr. 37/1962. **Prentmyndir h/f** (Einar Ásmundsson hrl.)  
 gegn  
**Alþýðublaðinu** (Enginn).

**D ó m e n d u r :**

hæstaréttardómaramanir Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson,  
 Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr  
 prófessor.

Skuldamál.

**Dómur Hæstaréttar.**

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. marz 1962, að fengnu áfrýjunarleyfi 19. s. m. Hann krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð verði staðfest og svo að stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi sótti þing, er málið var þingfest í Hæstarétti, en er munnlegur máflutningur átti að fara þar fram, kom enginn fyrir dóm af hendi stefnda. Hefur málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. laga nr. 112/1935, sbr. 61. gr. laga nr. 57/1962, og er dæmt eftir framlögðum skjölum.

Samkvæmt gögnum málsins ber að staðfesta héraðsdóm og fjárnámsgerð.

Stefndi hafði áfrýjað málinu af sinni hálfu, áður en áfrýjandi tók út áfrýjunarstefnu sína, og var þá ástæða til, að áfrýjandi bæri málið undir Hæstarétt. Er því rétt, að stefndi greiði málskostnað hér fyrir dómi, kr. 20.000.00.

**Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur og fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Stefndi, Alþýðublaðið, greiði áfrýjanda, Prentmyndum h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 20.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

**Dómur bæjarþings Reykjavíkur 14. nóvember 1961.**

Mál þetta, sem dómtekið var 10. þ. m., hefur Prentmyndir h/f, Laugavegi 1, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu birtri 26. október 1960, til greiðslu skuldar, að fjárhæð kr. 382.062.49 með 10% ársvöxtum frá 25. október 1960 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Við munnlegan flutning málsins hefur stefnandi lækkað vaxta-kröfu sína um 1% á ári.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar í greinargerð, en við munnlegan flutning málsins hefur stefndi breytt kröfum sínum á þá lund, að hann krafðist lækkunar á dómkröfum stefnanda í kr. 113.379.15 með 6% ársvöxtum af þeirri fjárhæð og að málskostnaður til stefnanda yrði miðaður við þessa fjárhæð.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera vegna kaupa stefnda á myndamótum hjá prentmyndagerð stefnanda samkvæmt eftirfarandi yfirlitsreikningi:

„Prentmyndir h/f

5. júlí 1960.

Alþýðublaðið,  
Reykjavík.

*Yfirlitsreikningur.*

1957.

Jan. 1.	Skuld frá f. ári (pr. 27/5) kr.	30.000.00	
Des. 31.	An. Vinna 1957 .....	— 139.042.59	
— —	Pr. Innborgað á árinu '57 ..	—	43.205.00

1958.

Des. 31.	An. Vinna 1958 .....	— 229.738.35	
— —	Pr. Innborgað á árinu '58 ..	—	66.000.00
— —	An. Yfurfærð skuld Sunnu- dagsbl. fyrir 1957 og 1958	— 33.697.92	

1959.

Des. 31.	An. Vinna 1959 .....	— 480.438.80	
— —	Pr. Innborgað á árinu '59 ..	—	249.000.00
— —	An. Reikn. 1959, viðb. ..	— 1.234.68	

1960.

Jan. 31.	An. Reikn. í jan. 1960 ...	— 11.459.10	
— —	Pr. Innborgun (1959) ....	—	179.000.00

---

Júlí 5. Pr. Mism. færður út .... kr.	6.343.65
— — Mismunur .... —	382.062.49
	<hr/>
	Kr. 925.611.14 925.611.14
1960. Skuld 5/7 .....	kr. 382.062.49

Stefndi hefur samþykkt reikning þennan sem reikningslega réttan að öðru leyti en því, að hann telur, að á reikninginn vanti 30% afslátt, sem stefndi hafi átt að fá hjá stefnanda af kaupverði myndamótanna. Og er síðari krafa stefnda miðuð við það, að reiknaður sé 30% afslátur af „debit“-lið reikningsyfirlitsins að undanskildum kr. 30.000.00, sem er efsta færsla þess liðar, eða af kr. 895.611.14 samtals. Samkvæmt þessu virðist afslátturinn, sem stefndi telur sig hafa átt að fá, nema kr. 268.683.34, og er það sú fjárhæð, sem endanlega er um deilt í máli þessu.

Axel Kristjánsson, stjórnarmeðlimur Alþýðublaðsins, hefur skýrt svo frá fyrir dómi 5. marz s.l., að hann hafi samið við Pál Finnbogason, framkvæmdastjóra stefnanda, fyrir nokkrum árum um kaup á myndamótum handa Alþýðublaðinu, og hafi samningar þeir verið um áframhaldandi viðskipti. Samkvæmt samningum þessum hafi Alþýðublaðið átt að fá myndamótin með beztu fánlegum kjörum, og minnir Axel, að afsláttur af verði myndamótanna hafi átt að vera 25—30%. Hins vegar hafi samningar þessir verið við það miðaðir, að Alþýðublaðið greiddi reglulega.

Áki Jakobsson hrl., formaður stjórnar Alþýðublaðsins, skýrir svo frá, að hann hafi tekið við stjórnarformennsku Alþýðublaðsins í febrúar 1958. Eftir það hafi hann oft átt tal við Pál Finnbogason um viðskiptin, sem höfðu þá staðið um nokkurn tíma, og hafi Páll oft tekið fram í þeim samtölum, að Alþýðublaðið skyldi fá beztu fánleg kjör hjá Prentmyndum h.f. og ekki minna en 30% afslátt frá taxtaverði „klissugerða“, enda hafi hann, þ. e. Áki, bent Páli á, að það væru þau kjör, sem Alþýðublaðið ætti kost á hjá öðrum „klissugerðum“.

Vitnið Björn Jóhannsson, blaðamaður hjá Alþýðublaðinu, skýrir svo frá fyrir dómi 14. febrúar s.l., að það hafi verið framkvæmdastjóri og gjaldkeri hjá Alþýðublaðinu á árunum 1957 og 1958, en þó ekki samfellt. Vitnið kveðst á þessum tíma hafa átt samtöl við Pál Finnbogason og af þeim samtölum hafi því skilizt, að Alþýðublaðið fengi afslátt af verði myndamóta hjá Prentmynd-

um h.f. og telur vitnið, að kjör þau, sem stefndi hafði þá hjá stefnanda, hafi verið þau beztu fánlegu.

Vitnið Ingólfur Kristjánsson skýrir svo frá fyrir dómi hinn 22. febrúar s.l., að það hafi verið framkvæmdastjóri Alþýðublaðsins á tímabilinu frá 1/9 1959 til 1/6 1960. Vitnið kveðst á þessum tíma hafa átt samtöl við Pál Finnbogason, og telur vitnið, að í þessum samtölum hafi Páll samþykkt að veita Alþýðublaðinu afslátt af verði myndamóta, sem vitnið í huga sínum taldi, að næmi 30%.

Páll Finnbogason, framkvæmdastjóri Prentmynda h.f., sem mun hafa samið við forráðamenn Alþýðublaðsins um myndamótakaupin, hefur komið fyrir dóm í máli þessu og skýrt þar svo frá, að það hafi orðið að samningum milli hans og Axels Kristjánssonar forstjóra á aðfangadag jóla árið 1956, að Prentmyndir h.f. veittu Alþýðublaðinu afslátt, sem svaraði 24% af þeirri fjárhæð, sem Alþýðublaðið skuldaði Prentmyndum h.f. þá, þannig að strikuð hafi verið út ákveðin upphæð og hafi þá orðið eftir kr. 30.000.00 af skuldinni í ársbyrjun 1957.

Þá skýrir Páll svo frá, að það hafi orðið að samkomulagi milli sín og Emils Jónssonar, formanns Alþýðuflokksins, að stefnandi gæfi eftir kr. 179.000.00 af skuld Alþýðublaðsins við Prentmyndir h.f., og sé það sú innborgun, sem færð sé á reikningsyfirlitinu á dskj. nr. 3 Pr. 31. janúar 1960.

Annan afslátt af verði myndamóta kveðst Páll aldrei hafa lofað að veita Alþýðublaðinu.

Ekki hafa reikningar þeir, sem Prentmyndir h.f. sendu Alþýðublaðinu yfir myndamótakaupin, verið lagðir fram í málinu, en formaður stjórnar Alþýðublaðsins, Áki Jakobsson hrl., telur, að ekki hafi verið skráður neinn afsláttur á þá.

Með hliðsjón af þessu svo og framangreindum vitnisburðum starfsmanna Alþýðublaðsins þykir ekki sannað gegn eindregnum mótmælum stefnda, að Prentmyndir h.f. hafi lofað Alþýðublaðinu afslætti þeim, sem um er deilt í máli þessu.

Ekki hefur stefndi heldur sannað, að það sé föst venja að veita afslátt í viðskiptum sem þessum.

Samkvæmt framanskraðu ber að taka kröfu stefnanda til greina, þó þannig, að ársvextir reiknast 9% frá 25. október 1960 til 29. desember s. á., en 8% frá þeim degi til greiðsludags.

Málkostnaður ákveðst kr. 20.000.00.

Einar Oddsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þennan.

## Dómsorð:

Stefndi, Alþýðublaðið, greiði stefnanda, Prentmyndum h.f., kr. 382.062.49 með 9% ársvöxtum frá 25. október 1960 til 29. desember s. á., en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

**Fjárnám fógetadóms Reykjavíkur 30. og 31. janúar 1962.**

Ár 1962, þriðjudaginn 30. janúar, var fógetaréttur Reykjavíkur settur á Skólavörðustíg 12 og haldinn þar af fulltrúa borgarfógeta Þorsteini Thorarensen ásamt undirrituðum vottum. *Fyrir var tekið:*

Málið A-33/1962, Prentmyndir h.f. gegn Alþýðublaðinu.

Fógeti leggur fram 1, gerðarbeiðni, nr. 2, birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur, nr. 2522/1961, svohlj.:

## Nr. 1

Einar Ásmundsson,

Hæstaréttarlögmaður

Reykjavík, 4/1 1962

Til borgarfógetans, Reykjavík.

Jafnframt því að senda yður, hr. borgarfógeti, hjálagðan dóm, uppkveðinn í bæjarþingi Reykjavíkur 14. nóvember s.l. í málinu Prentmyndir h.f. gegn Alþýðublaðinu, leyfi ég mér að fara þess á leit, að þér gerið, svo fljótt sem unnt er, fjárnám í eignum dómpola, Alþýðublaðsins, til tryggingar dómskuldinni, kr. 382.062.49 með 9% ársvöxtum frá 25. október 1960 til 29. desember sama árs, en 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 20.000.00 í málskostnað ásamt kostnaði öllum við gerð þessa og eftirfarandi uppboð, ef til kemur, allt á mína ábyrgð.

Virðingarfyllst,

Einar Ásmundsson.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Ásmundsson hrl. og krefst fjárnáms fyrir kr. 382.062.49, 9% ársv. frá 25/10 1960 til 29/12 '60, en 8% ársv. frá 29/12 '60 til greiðsludags, kr. 20.000 í málskostnað auk kostnaðar við fjárnám og uppboð.

Fyrir gerðarpola mætir Jón Þorsteinsson hdl. Hann segist óska eftir fresti í 4 daga, þar eð dómnum á rskj. 2 verði áfrýjað. Áfrýjunarstefna hafi enn ekki verið gefin út.

Einar Ásmundsson mótmælti fresti í málinu lengur en til

morguns. Var ákveðið að halda gerðinni áfram hér á skrifstofunni kl. 10 f. háð. á morgun.

.....

Ár 1962, miðvikudaginn 31. janúar, var fúgetaréttur Reykjavíkur settur á Skólavörðustíg 12 og haldinn þar af fulltrúa borgarfógeta Þorsteini Thorarensen ásamt undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið:

Málið A-33/1962, Prentmyndir h.f. gegn Alpýðublaðinu.

Málið var fyrir rétti í gær.

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Einar Ásmundsson hrl. Fyrir gerðarþola mætir Sverrir Kjartansson og með honum Jón Þorsteinson hdl.

Bent var á eftirfarandi til fjárnáms: Fyrirsagnavél af Ludlowgerð með lettrum, keypt fyrir ríflega 2 árum á kr. ca 400.000.00, en letrinn hafi kostað á annað hundrað þúsund krónur. Ekkert hvíli á vélinni. Var fallið frá virðingu.

Fógeti lýsti yfir fjárnámi í fyrirsagnavél þessari og lettrum henni fylgjandi, og er mættum fyrir gerðarþola kunn þýðing þess.

Uppl. játað. Málinu lokið.

---